



## Fundur háskólaráðs 12. desember 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041

Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 09.12.2002

Dags: 12.12.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

20/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 12. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Anna Soffía Hauksdóttir, María Guðmundsdóttir, Hörður Sigurgestsson, Þórður Harðarson, Þorsteinn Loftsson, Davíð Gunnarsson, Hjalti Hugason.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Rektor greindi frá fundi sínum með fjármálaráðherra í gær þar sem hann skýrði fyrir honum fjárhagsvanda háskólans vegna fjölgunar virkra nemenda. Rektor lagði fram gögn frá fundinum.
- 1.2 Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum.  
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir samningsdrögunum.
- 1.3 Lagt fram minnisblað rannsóknasviðs um rannsóknir við Háskóla Íslands, árangur eftir skorum.  
- Halldór Jónsson gerði grein fyrir minnisblaðinu.
- 1.4 Yfirlit um menntun háskólakennara þar sem hæfnisdóms er krafist, dags. 28. nóvember 2002.
- 1.5 Skil í kennslukönnun 1999 –2002. Fjöldi svara.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf Sigurðar Ingvarssonar, forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum þar sem óskað er eftir tilnefningum í stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sbr. 3. gr. laga nr. 67/1990.  
Eftirtaldir tilnefningar hafa borist:  
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum Tilraunastöðvarinnar,  
Þórður Harðarson, tilnefndur af læknadeild, til 31. mars 2003 og Stefán B. Sigurðsson frá 1. apríl 2003,  
Halldór Runólfsson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu,  
Eggert Gunnarsson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu,  
Páll Hersteinsson, tilnefndur af raunvísindadeild Háskólans.  
Þórður Harðarson verði áfram formaður stjórnarinnar til 31. mars 2003 og Stefán B. Sigurðsson taki við formennsku 1. apríl 2003.  
- Samþykkt samhljóða.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Um forsendur skiptingar fjárveitinga til Háskólans. Framhald umræðu.  
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar um útteilingu fjár á árinu 2003, dags. 12. desember 2002. Í

minnisblaðinu eru rökstuddar tillögur nefndarinnar í ellefu töluliðum til viðbótar við þær fimm tillögur sem lagðar voru fram á fundi ráðsins 5. desember sl.

6. Ekki verði breytt röðun tungumálaskora í reikniflokk að sinni.

7. Engin deild fái lægri fjárveitingu en fjárveitingu ársins 2002 með 3% hækkun vegna verðlagshækkana.

8. Upplýsingaþjónusta Háskólans verði lögð niður 1. júlí 2003. Þörf fyrir upplýsingaþjónustu er ekki lengur fyrir hendi.

9. Gætt verði mikils aðhalds í starfsmannamálum á árinu 2003. Allar óskir um nýráðningar og hækkun starfshlutfalls verði lagðar fyrir fjármálanefnd háskólaráðs.

10. Staða Rannsóknastofu í kvennafræðum, Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Siðfræðistofnunar og Rannsóknastofu um mannlegt atferli verði könnuð sérstaklega með það í huga þær verði í framtíðinni innan deilda.

11. Rannsóknastarfsemi Erfðafræðinefndar verði felld undir læknadeild sem ákveði hvort nýta eigi hluta af fjárveitingu til rannsókna á sviði nefndarinnar.

12. Einn c-kassi í iðnaðar- og vélaverkfræðiskor breytist í a-kassa.

13. Í fjárveitingu heimspekideildar er 2.781.000 kr. vegna 540 þreyttra eininga í námskeiðunum Language and Usage I og II.

14. Í fjárveitingu heimspekideildar er 2,5 m.kr. vegna lektors í sagnfræði.

15. 10 m.kr. eru fluttar frá læknadeild til hjúkrunarfræðideildar og raunvísindadeildar vegna tveggja kennarastaða í lífeðlisfræði.

16. Í rannsóknarfjárveitingu raunvísindadeildar eru 10 m.kr. vegna rannsókna-verkefnis á sviði mjólkur.

Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur Hannibalsson framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt einróma að fela fjármálanefnd að vinna áfram í anda tillagna sinna.

### 3.2 Kennslusamningur og fjölgun virkra nemenda við Háskólann.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Í lok umræðunnar lagði rektor fram eftirfarandi bókun: „Háskólaráð telur óviðunandi að ekki hafi verið gengið frá nýjum kennslusamningi við menntamálaráðuneyti og fjármála-ráðuneyti, nú þegar tvær vikur eru til áramóta. Háskólaráð ítrekar að gengið verði frá nýjum kennslusamningi í upphafi ársins 2003, áður en gengið verði frá kennsluskra háskólaársins 2003 – 2004”.

- Samþykkt einróma.

### 3.3 Tillaga starfshóps háskólaráðs um framkvæmd tillagna starfshóps deildarforseta um starfsmannamál (frá 5.9.02), sbr. fund ráðsins 21. nóvember sl.

Þorsteinn Loftsson, formaður starfshópsins, gerði grein fyrir framlögðum tillögum hans og voru þær ræddar.

- Tillögnum vísað til sameiginlegrar stjórnsýslu sem fari yfir þær í samvinnu við Félag háskólakennara og Félag prófessora.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.25